

# Samþykktir

## Kaupfélags Vestur – Húnvetninga

### I. kafli

#### Heiti félagsins, markmið og starfssvæði.

##### 1. grein

Félagið heitir Kaupfélag Vestur – Húnvetninga, skammstafað KVH. Heimili þess og varnarþing er á Hvammstanga.

##### 2. grein

Tilgangur félagsins er:

- Að annast á sem hagfelldastan hátt hverskonar viðskipti og þjónustu fyrir félagsmenn og aðra, svo sem nánar er kveðið á um í samþykktum þessum, eða aðalfundur félagsins ákveður á hverjum tíma.
- Að efla atvinnulíf í héraðinu með beinni eða óbeinni þátttöku félagsins, svo sem stjórn þess og aðalfundur telja hentast hverju sinni.
- Að styrkja framtíð félagsins með því að treysta fjárhag þess svo sem lög leyfa.
- Að viðhalda og útbreiða þekkingu almennings á samvinnustefnu og aðferðum samvinnuhugsjónarinnar við að leysa félagsleg viðfangsefni.

##### 3. grein

Starfssvæði félagsins nær yfir allt sveitafélagið Húnaþing vestra.

### II. kafli

#### Aðild og ábyrgð félagsmanna.

##### 4. grein

Inngöngu í félagið fá konur og karlar sem eru fjárráða og undirrita yfirlýsingu um að þeir hlíti samþykktum félagsins. Ófjárráða fólk 14 ára og eldra getur fengið inngöngu, fái það ábyrgðarmann, sem kaupfélagsstjóri metur gildan. Félagisstjórn getur synjað manni inngöngu ef henni virðist ástæða til en umsækjandi getur borið mál sitt undir aðalfund. Þeir, sem eru fullgildir félagar í öðrum kaupfélögum geta verið aukafélagar í KVH og njóta þá annarra félagsréttinda en kosningaréttar og kjörgengis á félagsfundum.

##### 5. grein

Við inngöngu í félagið greiða menn inngöngueyri, sem aðalfundur ákveður árlega.

Úrsögn úr félaginu sé skrifleg og sendist á skrifstofu þess. Tilkynna ber á sama hátt flytjist félagsmaður brott af félagssvæðinu og ef félagsmaður deyr.

##### 6. grein

Félagsmenn bera ekki ábyrgð á félaginu og skuldbindingum þess utan með stofnsjóðsinnistæðum sínum og aðildargjaldi.

## 7. grein

Félagsstjórn lætur halda félagsskrá, sem er varðveitt á skrifstofu félagsins. Nöfnum nýrra félagsmanna er bætt við hana jafnskjótt og þeir hafa gengið í félagið og þau felld brott ef þeir ganga úr félaginu, andast eða flytja brott af félagssvæðinu. Dagsetning þessara atriða er skráð í félagsskrána. Félagsskrá er skipt eftir félagsdeildum, sbr. ákvæði 9. greinar.

## 8. grein

Félagsmaður getur sætt brottrekstri úr félaginu ef hann vísitandi vinnur gegn hagsmunum þess eða brýtur gegn ákvæðum laga nr. 22/1991 um samvinnufélög.

Félagsmaður, sem gerður er brottrækur úr félaginu getur skotið máli sínu til næsta aðalfundar félagsins til úrskurðar.

## III. kafli

### Skipulag félagsins, félagsfundir og stjórnarkjör.

## 9. grein

Félagið skiptist í deildir eftir ákvörðun aðalfundar félagsins. Þar skal skrá féлага í deild sem hann er búsettur. Færri en 10 félagsmenn geta ekki myndað félagsdeild. Á skrifstofu félagsins er haldin félagaskrá eftir félagsdeildum, og miðast kjör fulltrúa á aðalfund KVH við félagsmannatölu deildar um næstu áramót á undan aðalfundi hennar.

## 10. grein

Í hverri deild er haldinn aðalfundur árlega áður en aðalfundur félagsins er haldinn og aukafundi þá er deildarstjóri telur þörf á eða fjórði hluti deildarmanna eða fleiri óska.

Fundur er lögmætur ef hann er boðaður með minnst 3 sólarhringa fyrirvara.

Á aðalfundi deildar eru rædd deildarmálefni og hver önnur félagsmál, sem heyra undir álit og tillögur deildarmanna. Einnig eru á aðalfundi deildar ræddar allar tillögur um breytingar á samþykktum þessum áður en þær koma fyrir aðalfund til afgreiðslu. Á aðalfundi deildar gerir kaupfélagsstjóri eða annar er félagsstjórn setur til þess, grein fyrir hag félagsins, breytingum á félagsmannatölu og gefur aðrar þær upplýsingar er ætla má að varði hag deildarmanna og viðskipti þeirra við félagið.

Á deildarfundum hafa allir deildarmenn málfrelsi og tillögurétt. Deildarmaður getur gefið öðrum umboð til þess að fara með atkvæði sitt. Fulltrúar félagsstjórnar hafa rétt til að mæta á deildarfundum og taka þátt í umræðum.

Deildarmaður getur gefið öðrum skriflegt umboð til þess að fara með atkvæði sitt. Enginn fundarmaður getur þó farið með nema eitt atkvæði auk síns eigin.

## 11. grein

Á aðalfundi deildar er kosinn deildarstjóri og varadeildarstjóri. Kosning þeirra gildir til þriggja ára. Hver deildarmaður er skyldur til að taka kosningu í eitt kjörtímabil og ef hann skorast ekki undan má kjósa hann svo oft sem vill. Þegar deildarstjóranskipti verða, tekur hinn nýi deildarstjóri þegar við öllum störfum, er stöðunni fylgja. Fráfarandi deildarstjóri gerir full skil á öllum sínum störfum.

## 12. grein

Störf deildarstjóra eru einkum þessi:

- ❖ Hann boðar fundi í deildinni og stjórnar þeim og ber þar upp þau málefni er deildarmenn varða og undir þá heyra.
- ❖ Hann rekur erindi, er félagsstjórn eða framkvæðastjóri fela honum í umboði félagsins innan deildarinnar.

Fyrir störf sín fær deildarstjóri hæfilega þóknun er félagið greiðir honum samkvæmt ákvörðun aðalfundar hverju sinni. Einnig ber honum endurgreiddur sannanlegur útlagður kostnaður við störf sín.

## 13. grein

Hver deild sendir fulltrúa á félagsfundum. Deildarstjóri er sjálfkjörinn en auk hans er á hverjum aðalfundi deildar kosinn einn fulltrúi fyrir félagsdeildir með 10-30 félagum og annar fulltrúi með 31-60 félagum o.s.frv. Tölu fulltrúa skal takmarka þannig, að ein deild geti aldrei haft hreinan meirihluta á félagsfundum. Á aðalfundum deilda þarf einnig að kjósa varafulltrúa, sem sækja félagsfundum í forföllum aðalfulltrúa. Að kjöri loknu er gefið út kjörbréf, sem gildir til næsta aðalfundar deildarinnar. Deildarstjóri undirritar kjörbréfið og sendir það eins flótt og má, til skrifstofu félagsins. Kaupfélaginu ber eftir ákvörðun aðalfundar að greiða fulltrúum þóknun fyrir að sækja félagsfundum.

## 14. grein

Aðalfundur er æðsta vald í málefnum félagsins og tekur þær ákvarðanir um starfsemi félagsins sem þörf er á. Aðalfundur skal halda innan sex mánaða frá lokum reikningsárs. Aukafundi getur félagsstjórn boðað þegar hún telur þörf á og er henni enn fremur skylt að boða til aukafundar ef 10% félagsmanna krefjast þess eða þriðjungur félagsdeilda. Slík krafa þarf að vera skrifleg og greina fundarefni. Hafi stjórnin eigi boðað til slíks fundar innan 14 daga frá því krafa um fund berst, er með farið svo sem kveður á í 19. grein laga nr. 22/1991. Félagfundur er lögmætur, ef a.m.k. helmingur kjörinna fulltrúa deilda mætir á fundinn. Skriflegt fundarboð ásamt með dagskrá berist fulltrúum a.m.k. 7 sólarhringum fyrir félagsfundum. Hyggist félagsstjórn leggja fyrir aðalfund tillögur um breytingar á samþykktum þessum eða um meiriháttar breytingar á starfsemi félagsins, ber henni að gera grein fyrir þeim í fundarboði.

Á félagsfundum eiga sæti með málfrelsi og tillögurétti, auk kjörinna fulltrúa deilda, félagsstjórn, framkvæmdarstjóri og skoðunarmenn ásamt með löggiltum endurskoðanda félagsins. Enn fremur hafa félagsmenn aðgang að félagsfundum. Fulltrúar eiga þó einir atkvæðisrétt og er hann jafn fyrir alla fulltrúa. Úrslitum mála á félagsfundum ræður afl atkvæða nema þar sem lög eða samþykktir þessar kveða á um aukinn meirihluta. Tillaga telst fallin á jöfnum atkvæðum en hlutkesti skal ráða við kjör í stjórn og nefndir falli atkvæði jöfn.

Á aðalfundi skal taka fyrir eftirfarandi mál:

- ❖ Skýrslu stjórnar.
- ❖ Skýrslu framkvæmdastjóra.
- ❖ Skýrslu skoðunarmanna.
- ❖ Ársreikninga félagsins.
- ❖ Tillögur stjórnar og félagsdeilda.
- ❖ Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar eða taps.
- ❖ Ákvörðun um laun stjórnar og skoðunarmanna.
- ❖ Kosningar stjórnar, skoðunarmanna, fulltrúa á aðalfund Sambandsins og í þær nefndir og ráð er aðalfundur kys.
- ❖ Umræður og fyrirspurnir um þau mál önnur, er löglega eru fram borin á fundinum.

Fundargerðir eru ritaðar í sérstaka fundargerðabók. Að venjulegum fundarstörfum loknum er fundargerðin lesin upp og lýst eftir athugasemdum. Að svo búnu er fundargerð undirrituð af riturum og fundarstjóra. Stjórn félagsins setur félagsfundum reglur um fundarsköp, sem öðlast gildi að fengnu samþykki aðalfundar.

### 15. grein

Stjórn félagsins skipa 5 menn, sem aðalfundur kýs til 3ja ára í senn. Á aðalfundi eru ennfremur kosnir 3 varamenn í stjórn til eins árs í senn. Allir félagsmenn eru skyldir til að taka kosningu í eitt kjörtímabil og skorist þeir ekki undan, má endurkjósa þá svo oft sem vill. Engan má kjósa í stjórn, sem ekki er félagsmaður. Starfsmannafélag KVH hefur heimild til að kjósa einn áheyrnarfulltrúa til setu á stjórnarfundum. Hefur sá fulltrúi málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt. Stjórnin kýs formann, varaformann og ritara úr sínum hópi til eins árs í senn. Formaður kveður til funda og stjórnar þeim. Stjórnarfundur er lögmaður ef meira en helmingur stjórnarmanna er á fundi. Mikilvægar ákvarðanir skal þó ekki taka án þess að allir aðalmenn í stjórn hafi átt þess kost að fjalla um þær, sé þess kostur. Úrslitum mála ræður afl atkvæða en séu þau jöfn, ræður atkvæði formanns. Allar fundargjörðir eru skráðar í sérstaka gjörðabók, og skrifa viðstaddir stjórnarmenn undir þær að fundi loknum.

Stjórnin boðar til félagsfunda og undirbýr fundarmálefni, framkvæmir fundarályktanir og annast stjórn félagsins milli funda. Hún leggur fyrir aðalfund til úrskurðar endurskoðaða reikninga fyrir næstliðið reikningsár. Hún hefur eftirlit með eignum félagsins og gætir hagsmuna þess í öllum greinum og leitar þeirra leiða er lög heimila til þess ef þörf krefur.

Laun stjórnar eru ákveðin á aðalfundi.

### 16. grein

Stjórn félagsins ræður því framkvæmdastjóra og felur honum daglegan rekstur félagsins og þau af störfum sínum er henni sýnist og lög heimila. Stjórnin gerir skriflegan samning við framkvæmdastjóra um starfssvið hans og kjör. Skal samningur sá vera uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara.

Framkvæmdastjóri ræður annað starfslið félagsins og segir því upp störfum. Hann hefur samráð við stjórn félagsins um ráðningu í stjórnunarstöður. Framkvæmdastjóri hefur ekki heimild til ráðstafana er teljast óvenjulegar eða mikilsháttar án samráðs við stjórn félagsins nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Í slíkum tilvikum ber framkvæmdastjóra að tilkynna stjórninni þegar í stað um ráðstöfunina. Framkvæmdastjóri má ekki eiga setu í stjórn félagsins. Hann sér um að ákvörðunum stjórnar félagsins sé framfylgt og gætir hagsmuna þess á öllum sviðum. Félagisstjórnin fylgist með því að nægilegt eftirlit sé með bókhaldi félagsins og fjárreiðum. Hún gætir hagsmuna þess út á við og svarar fyrir þess hönd fyrir dómstólum. Félagisstjórnin veitir framkvæmdastjóra og öðrum þeim starfsmönnum félagsins er hún telur nauðsyn til, bera prófkúruumboð fyrir félagið.

Framkvæmdastjóri gerir aðalfundi ár hvert grein fyrir störfum sínum og stjórninni hvenær sem hún óskar þess. Hann eða sá er hann setur til þess mætir á aðalfundi deilda og gerir þar grein fyrir hag félagsins sbr. 10. grein samþykta þessara.

### 17. grein

Aðalfundur velur félaginu tvo skoðunarmenn reikninga og einn löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag í samræmi við 68. grein laga nr. 22/1991. Endurskoðendur og skoðunarmenn kanna reikningshald félagsins, meðferð fjármuna þess og annað er að góðri endurskoðunarvenju lýtur. Skoðunarmenn séu félagsmenn en mega ekki vera í stjórn félagsins eða gegna ábyrgðarstöðum innan þess. Þeir skulu vera fjár síns ráðandi og lögráða. Kjör skoðunarmanna gildir til tveggja ára í senn. Með sömu skilyrðum eru kjörnir tveir varaskoðunarmenn til tveggja ára í senn.

Um störf skoðunarmanna og endurskoðanda gilda að öðru leyti ákvæði X. kafla laga nr. 22/1991.

#### IV. kafli

### Ársreikningur félagsins og ársskýrsla stjórnar.

#### 18. grein

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórnin skal í samræmi við ákvæði IX. kafla laga nr. 22/1991 láta semja ársreikning fyrir hvert reikningsár ásamt með samstæðureikningi fyrir KVH og þau félög, sem það er eigandi að með þeim hætti að eignaraðildin geti haft úrslitaáhrif á töku ákvarðana í félaginu. Ársreikningur félagsins geymir efnahagsreikning, rekstursreikning og skýringar í samræmi við góðar reikningsskilavenjur.

Ársreikningur og samstæðureikningur eru undirritaðir af stjórn félagsins og framkvæmdastjóra. Einni viku fyrir aðalfund eru ársreikningar félagsins lagðir fyrir félagskjörna skoðunarmenn.

#### 19. grein

Á aðalfundi flytur stjórnarformaður skýrslu stjórnar um starf hennar frá síðasta aðalfundi. Hann gerir þar grein fyrir bókuðum fundum stjórnarinnar, helstu ákvörðunum og þeim atriðum öðrum, er varða afkoma félagsins og stöðu þess. Þar er einnig gerð grein fyrir slíkum atriðum er fram hafa komið frá lokum ársreikningsársins til þess tíma, er aðalfundur er haldinn. Einnig er upplýst um fjölda félagsmanna og breytingar á félagaskrá og B-hluta stofnsjóðs, ef og þegar ákvörðun verður tekin um stofnun hans. Í ársskýrslu framkvæmdastjóra er gerð grein fyrir fjölda starfsmanna, heildarfjárhæð launa og þóknana til starfsmanna félagsins og stjórnar og öðrum þeim atriðum er varða rekstur félagsins og félagsstjórn felur honum.

#### V. kafli

### Stofnsjóðir félagsins.

#### 20. grein

Stofnsjóður félagsins er myndaður af séreignarhlutum félagsmanna. Í hann er lagt aðildargjald þeirra og sá hluti hagnaðar, sem aðalfundur ákveður eftir að dregið hefur verið frá tap, sem ekki hefur verið jafnað áður og fé lagt í sjóði félagsins skv. lögum og samþykktum þessum. Verði tekin ákvörðun um stofnun B-hluta stofnsjóðs í samræmi við ákvæði VII. kafla laga nr. 22/1991, verður sá hluti stofnsjóðs, sem þessi grein fjallar um nefndur A-hluti.

Einungis félagsmenn geta átt séreignarhluta í A-deild stofnsjóðs félagsins, en í B-deild þeir, sem hafa keypt hluti og fengið í hendur samvinnuhlutabréf í samræmi við það.

#### 21. grein

Árlega ber að vaxtareikna og/eða verðbæta séreignahluti í stofnsjóði. Til viðmiðunar eru hafðir almennir banka og sparissjóðsvexti og verðbætur á slíkar innstæður. Stjórn félagsins ákveður hlutfall vaxta og verðbóta fyrir hvert reikningsár fyrir sig. Verði stofnuð B-deild stofnsjóðs við félagið, þarf að hafa í huga ákvæði 40. og 41. greinar í VII. kafla laga nr. 22/1991 varðandi vextina. Stofnsjóður, A-deild er notaður við rekstur félagsins. Séreignahluti félagsmanna kemur til útborgunar við andlát hans, við brottflutning af félagssvæðinu og eftir 70 ára aldur, óski hann þess. Útborgun séreignarhluta kemur til framkvæmda í upphafi næsta almanaksárs á eftir að réttur til útborgunar stofnast, telji stjórn félagsins það nauðsynlegt.

#### 22. grein

Í samræmi við ákvæði við VII. kafla laga nr. 22/1991, getur aðalfundur KVH ákveðið, að stofnuð verði B-deild við stofnsjóð félagsins. Verði slík ákvörðun tekin, verða í samræmi við lög settar nánari reglur um heildarfjárhæð B-hlutans, nafnverð einstakra hluta og önnur þau atriði, er við þarf. Að lokinni samþykkt verða þær viðauki við þessa grein samþykkt félagsins.

## **VI. kafli**

### **Ýmis ákvæði.**

#### **23. grein**

Heimilt er félaginu að styðja hverskonar líknar og menningarstarfsemi á félagssvæðinu og stofna og starfrækja sjóð í því skyni.

Aðalfundur ákveður framlög til sjóðsins og setur honum starfsreglur.

#### **24. grein**

Stjórn félagsins og aðalfundur geta ákveðið, að félagið taki þátt í öðrum félögum og samtökum, svo sem með hlutfjárframlögum, þátttöku í samvinnusamböndum eða á annan hátt sem þessir aðilar telja að geti þjónað hagsmunum félags og félagsmanna. Stjórn félagsins gerir í ársskýrslu sinni grein fyrir þeim ráðstöfunum, sem hún hefur gert á þessu sviði milli aðalfunda.

#### **25. grein**

Um slit og skráningu félagsins svo og um önnur þau atriði, er samþykktir þessar taka til, gilda ákvæði laga um samvinnufélög nr. 22/1991.

#### **26. grein**

Breytingar á samþykktum þessum öðlast því aðeins gildi, að um þær hafi verið fjallað á tveimur aðalfundum í röð og á milli þeirra hafi þær verið kynntar öllum deildarfundum félagsins. Við síðari afgreiðslu á aðalfundi þarf minnst 2/3 atkvæðisbærra fundarmanna að vera samþykkir breytingu.

#### **27. grein**

Samþykktir þessar öðlast gildi 31. desember 1992. Með gildistöku samþykkt þessara falla úr gildi eldri samþykktir félagsins.

### **ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA**

Meðan ekki verða sett ný lög eða reglugerð um starfsemi innlánsdeilda samvinnufélaga, verður starfsemi Innlánsdeildar KVH, sem nú er starfrækt, með óbreyttum hætti.